

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Fjallabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar er heimilt að leggja á sorphirðugjald til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu og sorpeyðingu samkvæmt samþykkt nr. 84/2010 um meðhöndlun úrgangs í Fjallabyggð.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Gjald dagar sorphirðugjalds eru hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

3. gr.

Sorphirðugjöld greiðast árlega sem hér greinir:

| | |
|----------------------------------------------|-----------------------------|
| Íbúðarhúsnæði | 41.000 kr. í sorphirðugjald |
| Frístundahús (á skipulögðum frístundasvæðum) | 20.500 kr. í sorphirðugjald |

Innifalið í sorphirðugjaldi er eitt grátt sorpílát fyrir óflokkað sorp, eitt grænt sorpílát fyrir endurvinnanlegt sorp, eitt brúnt sorpílát fyrir lífrænan úrgang sem og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 529/2013 fyrir sorphirðu í Fjallabyggð.

Fjallabyggð, 22. desember 2016.

Gunnar Ingi Birgisson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2017